



NÝARSGESTURINN HENNAR ÖMMU.
(Niðurlag frá síðasta blaði.)

„Kæra, góða amma!

Ef eg hefði hug til þess að koma fram fyrir þig, kæmi eg sjálfur og reyndi að skýra þér frá því, í hvað mikilli skuld eg er við þig, fyrir það að þú snerir mér af villu míns vegar hérna um nóttina; en eins og stendur á fyrir mér vil eg að eins senda þér aftur peningana, sem þú lánaðir mér, með hjartans þakk-læti mínu fyrir alt. Já, það er satt. Eg var svangur þá. Og mér stóð þá líka á sama, hvað eg gerði. Hitt veistu. En eg átti einu sinni ömmu, og var uppáhaldið hennar. Og þegar þú hrópaðir: „Lof sé þér, drottinn minn!“ — og það var svo líkt henni—, þá misti eg niður silfurfatíð, sem eg var búinn að taka og ætlaði að stinga á mig. Og þegar eg stóð frammi fyrir þér, var eg afllaus eins og drusla. Þú mintir mig svo átakanlega á hana ömmu mína. Nú—þegar eg var búinn að seðja hungur mitt, þá fór eg að góðu ráðunum þínnum og fór heim til móður minnar með fyrstu járnbrautarlest. Og hérra heima ætla eg mér að reyna að lifa hinu hreina lífi, sem þú útmálaðir fyrir mér. Eg sagði móður minni frá öllu saman, og hún sagði við mig: ‘Segðu henni, að eg muni reyna að þakka henni, þegar við hittumst hinumegin.’ Og það vil eg líka gera, ef eg verð nokkurn tíma álitinn þess verður, að vera í þeim hóp.

Þá nótt fanst mér himninum bregða fyrir mig. Og nú skil eg betur, hvernig guð skuli geta fyrirgefið öðrum eins syndurum og eg er, þegar eg hugsa til þess, hvernig þú gast tekið svo hlýlega í höndina á mér, sem ætlaði að ræna þig, og í stað þess að kalla mig þjóf óskaðir mér til heilla á árinu og kallaðir mig ‘son’. Guð laun þér. Eg get það aldrei.“

Bréfið var lesið með tárvotum augum. Og þegar lestrinum var lokið, leit hún, sem las það, innilega inn í blíða andlitið, sem hafði haft svo góð áhrif á þann, sem skrifaði bréfið. Og hún treysti sér ekki að segja annað en:

„Vissulega verður þetta stjarna í kórónumni þinni, amma!“

Það var þögn. Gamla konan andvarpaði. Það var sælu-andvarp, sem sté upp frá brjósti hennar. Þá svaraði hún, en fór undan:

„Nú skilurðu, góða mín! Því eg ekki get um annað talað en fyrsta nýarsgestinn minn.“

Úr *Christian Herald*.